

Ár 2015, miðvikudaginn 14. október kl. 17 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Nefndarsviði Alþingi – Velferðarnefnd frá 5. október 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Brunabótafélagi EBÍ frá 6. október 2015.**
Í bréfinu er kynnt ágóðahlutagreiðsla fyrir árið 2015, en Hveragerðisbær fær greiddar kr. 593.500.- í ágóðahlut.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Íbúðalánasjóði frá 8. október 2015.**
Í bréfinu er Hveragerðisbæ boðið að kaupa eignir sem sjóðurinn á í sveitarfélaginu. Alls á sjóðurinn 25 eignir í Hveragerði.
Bæjarstjóra er falið að ræða við bréfitara og fylgja eftir umræðum fundarmanna.
- 1.4. **Héraðssambandinu Skarphéðni frá 6. október 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir tilnefningum í framkvæmdanefnd landsmóts 50+ sem haldið verður í Hveragerði árið 2017.
Menningar og frístundafulltrúa falið að ræða við forsvarsmenn þeirra félaga í Hveragerði sem óskað er eftir tilnefningum frá og gera tillögu til bæjarstjórnar um fulltrúa bæjarins í framkvæmdanefndinni.
- 1.5. **Samgöngustofu frá 28. september 2015.**
Í bréfinu er rætt um ástand gróðurs og umferðaröryggis.
Bæjarráð vekur athygli á að umhverfisfulltrúi hefur þegar sent þeim garðeigendum bréf sem þurftu að gera bragarbót á sínum málum varðandi tré sem valdið geta truflun í umferðinni. Hafa velflestir brugðist vel við og klippt og snyrt sína garða þannig að gróður valdi ekki öðrum ama. Þeir sem enn hafa ekki brugðist við beiðni

umhverfisfulltrúa með viðeigandi hætti eru vinsamlegast hvattir til að gera slíkt hið fyrsta.

1.6. **Hjálparsveit skáta í Hveragerði frá 29. september 2015.**

Í bréfinu er boðið til 40 ára afmælisveislu Hjálparsveitar skáta í Hveragerði sem haldin verður laugardaginn 17. október.

Bæjarráð sendir Hjálparsveit skáta hamingjuóskir í tilefni þessara tímamóta og þakkar um leið áratuga gott samstarf og fórnfúst starf félaga sveitarinnar í þágu bæjarbúa.

1.7. **Arn-Verk ehf frá 7. október 2015.**

Í bréfinu óskar Arn-Verk ehf eftir að lóðin Dalsbrún 10-16 færist á nafn Arn-Byggð ehf en sami eigandi er að báðum félögum.

Bæjarráð samþykkir nafnabreytinguna.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa v/ lóðarinnar Austurmörk 6, 8 og 10.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 13. október 2015 vegna lóðarinnar Austurmörk 6, 8 og 10.

Bæjarráð samþykkir að þar sem áform um að byggja björgunarmiðstöð á lóðinni eru ekki lengur fyrir hendi þá verði lóðin auglýst laus til umsóknar fyrir miðbæjarstarfsemi af ýmsu tagi.

2.2. **Drög að samkomulagi milli Hveragerðisbæjar og Ræktunarmiðstöðvarinnar sf.**

Lögð fram drög af samningi við Ræktunarmiðstöðina sf vegna mats á gróðurhúsum Ræktunarmiðstöðvarinnar sf í miðbænum.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti og felur lögmanni bæjarins að fylgja málinu eftir.

3. **Fræðslu málefni:**

3.1. **Samband íslenskra sveitarfélaga – Skólalæping sveitarfélaga 2015.**

Skólalæping sveitarfélaga verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica, 2. nóvember n.k.

Dagskrá þingsins lögð fram til kynningar.

4. **Fundagerðir til kynningar:**

4.1. **Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga frá 2. október 2015.**

4.2. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 24. september 2015.**

4.3. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 28. september 2015.**

4.4. **Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands frá 23. september 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:36

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)